

S T A R F S S K Ý R S L A .

=====

Frá áramótum og fram til 26 maí starfaði ég á skrifstofu Skógræktar ríkisins í Reykjavík.

Ég var í Skorradal og stjórnaði framkvæmdum Skógræktarinnar þar frá 26. maí til 17. okt., en eftir það var ég á skrifstofunni í Reykjavík, en fór öðru hverju í Skorradal ýmissa erinda.

1. Veðurfar.

Árið hófst með nokkuð löngum hlýindakafla, svo við lá að færi að grænka á stöku stað. Í byrjun febrúar fór að kólna, og mikinn snjó setti niður um miðjan mánuðinn, og febrúar var um tveim stigum kaldari en í meðalári.

Marz var kaldur. Aðfaranótt þess 25. gerði suð-vestan hvassviðri með miklum saltaustri í Skorradal. Fyrir mánaðarmót marz-apríl var farið að bera á roða á barrnállum á rauðgreni og hvítgreni. Þetta var sérstaklega áberandi á mótinu suðri. Mesta frost vetrarins mældist í Hvammi 18.5°.

Í apríl og maí var tíðarfar svipað og í meðalárferði. Þann 19. maí var farið að grænka við bæi í Skorradal, og brum farið að springa á reynivið, ösp og lerki.

Lerkið var orðið laufgað 9. júní, og birkiskógurinn laufgaðist 9. til 14. júní, og um 18. júní var greni að byrja að vaxa, en þó byrjaði rauðgreni, Baden, ekki að vaxa fyrr en um þann 30. Telja má, að tíðarfar hafi verið fremur hagsælt á gróðursetningartímanum. Úrkoma var næg og fremur svalt í veðri. Fram eftir vori fór gróðri fremur hægt fram, og gróðursetningarplöntur voru yfirleitt ekki farnar að vaxa, þegar gróðursetning fór fram.

Snjór var í fjöllum með mesta móti fram eftir sumri. Sem dæmi má nefna, að síðasta fönnin norðan í Dragafellinu hlánaði ekki fyrr en um miðjan ágúst, en vanalega er þar snjólaust strax í maílok.

Um mánaðarmót júní - júlí komu nokkrir hlýir dagar, en laust fyrir miðjan júlí varð mjög svalt, og þá sáu frostskaðar á kartöflugrasi á stöku stað.

Fyrri hluti sumarsins var fremur svalur að fáum dögum undanskildum. Ágúst og september voru tiltölulega hlýrri. Fyrstu næturfrostin voru 1. og 2. sept. Þá sá verulega á kartöflugrasi á stöku stað, en heima í Hvammi var það óskemmt allt til 26. sept.

Birkiskógurinn stóð í sínum fegurstu haustlitum 18. - 22. sept. Fitjaskógur hélt græna litnum nokkrum dögum lengur en Hvammsskógurinn. Lauffall á birki var um mánaðarmót sept. - okt.

Tíðarfar í október var nálægt meðallagi, en þann 16. gerði mikla rigningu, sem olli nokkrum skriðuföllum í Skorradal. Má þar helst nefna skriðu, er féll við Vatnsendalandamörk frá Hvammsklettum yzt og niður fyrir veg. Skriðan svipti í burtu um 100 m. úr landamerkjagirðingu og gerði veginn ófæran á 100 m. kafla. Nóvember var um 2^o kaldari en í meðalári, en desember var með eindæmum góðviðrasamur og hlýr.

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

Meira bar á vindsviðnum eftir veturinn en á undanförnum árum. Sérstaklega var þetta áberandi á bersvæði, og helst sást á hvítgreni, rauðgreni og stafafuru. Þetta var þó ekki svo mikið að áberandi væri til að sjá á áliðnu sumri. Rauðgreni var venju fremur gulleitt í haust.

Birki var allt með fallegasta móti síðastliðið sumar.

Lítið er um mælingar til að gefa tölulega lýsingu af ársvexti barrtrjáa, en sennilega mun hann vera í lakara lagi eftir sumarið, og má þar um kenna fremur köldum vaxtartíma bæði 1969 og 1970.

Mældar voru 20 sitkagreni, P. Pakenham '52, og reyndist meðalárssproti vera 21,7 cm. Til samanburðar má geta þess, að á þessum sama reit var meðalárssproti 1966 15,8 cm.

Maðkur og lús voru ekki mjög áberandi á birki í sumar. Lúsaplágan á skógarfurunni var svipuð og undanfarin ár, þó skáru sig úr nokkrir blettir af skógarfuru með nokkuð góðan vöxt og þrifalegt útlit, t.d. skógarfura '53 í Hvammi (ókunnugt er um kvæmi á þessum plöntum).

Aðeins var vart Paratetranychus ununguis á rauðgreni og sitkagreni í Háafellsreit.

3. Starfsfólk.

Á sumrinu störfuðu 7 karlmenn og ráðskona. Þar að auki vann einn karlmaður nokkuð að grisjun í ákvæðisvinnu í haust og fram eftir vetri. Launagreiðslur námu samtals á árinu kr. 617.002,00

Mánaðarlegar launagreiðslur voru sem hér segir:

maí - júní	Kr: 170.871,60
júlí	- 162.549,90
ágúst	- 143.121,60
sept	- 96.884,40
okt - nóv	- <u>43.575,00</u>
	617.002,00

Launagreiðslur vegna einstakra framkvæmda voru sem hér segir:

101 Ráðskona	Kr: 91.984,00
102 Grisjun Hvammi.....	- 30.841,20
102 Grisjun Stálpastöðum	- 4.005,70
103 Gróðursetning Stálpastöðum	- 14.717,00
103 Gróðursetning Hvammi	- 78.599,00
103 Gróðursetning Selsskógi	- 1.730,00
104 Hirðing Hvammi	- 42.745,20
104 Hirðing Stálpastöðum	- 77.757,30
105 Jólatré	- 3.936,50
108 Bakkagirðing	- 192.118,80
108 Selsskógargirðing	- 6.948,00
109 Viðhald girðinga Hvammi	- 10.983,50
109 Viðhald girðinga Stálpastöðum ..	- 2.332,00
109 Viðhald girðinga Selsskógi	- 2.029,00
111 Framræsla Hvammi	- 14.077,70
112 Eftirlit og smölun	- 2.653,00
114 Verkfæri	- 1.458,50
301 Tilraunir	- 18.180,00
508 Viðhald fasteigna	- 8.956,00
702 Háafellsreitir	- 7.721,60
702 Stóri Botn	- <u>3.228,00</u>
	617.002,00

4. Girðingar.

Sett var upp ný girðing í landi Bakkakots í Skorradal. Bakkagirðing er um 4.7 km að lengd. Efni er: járnstaurar, 70 cm net og þrír strengir af gaddavír. Þar sem mýrlent er, voru notaðir tréstaurar í annan hvern staur. Girðingarframkvæmdum er ekki lokið. Eftir er: undirhleðsla, undirgirðingar, renglun, hlið og lokun á gilbörnum.

Í Selsskógi var steipt niður járngrindarhlið.

Viðhald girðinga var svipað og á undanförunum árum. Ekki er lokið nema bráðabirgða viðgerð á Hvammsgirðingunni þar, sem skriðan féll í haust.

5. Gróðursetningar.

Unnið var við gróðursetningu á tímabilinu frá 5. júní til 7. júlí. Mest var gróðursett í Hvammi. Í Háafellsreit var gróðursett til uppfyllingar í eyður, og má nú heita að fullgróðursett sé í girðinguna. Í Selsskógi var sitkagreni gróðursett í rúman hektara. Þarna var sett út samanburðartilraun á 14 sitkagrenikvæmum. Verk þetta var unnið undir stjórn Þórarins Benedikz.

Alls voru gróðursettar í Skorradal 52.670 plöntur í fjórar girðingar. Plöntufjöldi skiptist eftir girðingum sem hér segir:

Hvammur	38.120
Stálpastaðir	7.500
Háafellsreit	2.500
Selsskógur	4.550
Samtals	<u>52.670</u>

Plöntufjöldi skiptist eftir tegundum sem hér segir:

Rauðgreni	39.795
Stafafura	7.950
Sitkagreni	4.190
Douglasgreni	360
Birki	375
Samtals	<u>52.670</u>

Tafla yfir gróðursetningar árið 1970:

Hvammur:

Tegund	Kvæmi	Aldur	Tala	Reitur	Plantað dag
Rauðgreni	Namdal	3/5	11.800	811	9 - 24/6
Rauðgreni	Namskogen	4/4 3/5	13.095	821	24 - 29/6
Rauðgreni	Namskogen	4/4 3/5	2.800	921	29 - 30/6
Rauðgreni	Veisen Gr.	4/4	2.100	522	1/7
Stafafura	Pr. Georg	3/2	3.550	811	23 - 24/6
Stafafura	Forth St. James	2/2	1.200	821	24 - 29/6
Stafafura	Forth St. James	2/2	2.200	921	30/6 - 1/7
Stafafura	Hazelt	2/2	1.000	922	1/7
Birki	Skill.		375	332	6/6

Stálpastaðir:

Rauðgreni	Mosvik	3/3	7.500	362	2 - 7/7
-----------	--------	-----	-------	-----	---------

Háafellsreitur:

Rauðgreni	Mosvik	3/3	2.500		6/7
-----------	--------	-----	-------	--	-----

Selsskógur:

Douglasgreni	Blueberry		360		15 - 19/6
Sitkagreni	Divide Seward		300		=
Sitkagreni	Lawing		296		=
Sitkagreni	Afognak Lake		300		=
Sitkagreni	Bird Creek		300		=
Sitkagreni	Homer Hills		300		=
Sitkagreni	Homer Airport		295		=
Sitkagreni	Midway Pr. Kodiak		300		=
Sitkagreni	Fits Creek		300		=
Sitkagreni	R. L. Valdez		300		=
Sitkagreni	Sheep Creek		300		=
Sitkagreni	Pleasant Harbour		300		=
Sitkagreni	Yakutat		300		=
Sitkagreni	Cordova		299		=
Sitkagreni	Sitka		300		=

6. Hirðing.

Óvenju stórt átak var gert í hirðingu, en það var orðið mjög aðkallandi að grisja frá barrplöntum á stórum svæðum. Grisjað var frá plöntum á 26,3 ha svæði á Stálpastöðum og 5,5 ha í Hvammi. Farið var í Háafellsreit og fell-
dar dauðar og deyjandi broddfurur og skógarfurur. Þetta var þarft verk og mátti ekki dragast lengur. Tveir menn unnu í einn dag í Stóra-Botni við fráklippingu.

Keyptir voru 20 pokar af tilbúnum áburði (22-11-11). Áburðinum var dreift á 1.3 ha á Stálpastöðum og um 4 ha í Hvammi.

Sorptunna var sett við tjaldstæði á Stálpastöðum. Tunnan var losuð og þrifið kring um tjaldstæðin öðru hverju.

7. Vegagerð.

Á síðastliðnu ári voru engar framkvæmdir við vegagerð né viðhald vega.

8. Byggingar.

Settur var upp innbyggður skápur í svefnherbergi í viðbyggingunni í Hvammi. Málað var þak viðbyggingarinnar. Í gamla húsinu var málað eldhús, borðstofa og gangur. Gluggar og nokkrar hurðir voru málaðar á bröggunum.

9. Vélar og verkfæri.

Keypt var á árinu lítil keðjusög af Mc Culloch gerð. Reyndist hún mjög vel og er lipur í notkun.

Í sumar var keypt gamalt "bíl-boddy" til notkunar sem matar- og kaffiskúr. Var það notað fyrir vinnuflokkinn í Bakkagirðingu, og var þar hádegisverður soðinn og framreiddur. Áætlað er að útvega vagn undir "boddýið", svo að hægt verði að flytja það til með vinnuflokknum eftir því, hvar verið er að vinna hverju sinni.

10. Ýmislegt.

Það má telja til merkisatburða í sögu skógræktar í Skorradal, er Skógrækt ríkisins festi kaup á jörðunum Sarpi og hálfum Efstabæ, en kaupsamningur þessi var undirritaður í Hvammi þann 24. júní, 1970. Þarna bættist verulega við fram-tíðargróðursetningarland. Í landinu er nokkuð af dreifðum kjarrbrúskum og smá hríslum, annars er láglendi allt mjög illa farið af örtröð fyrri ára. Einmitt vegna þess, hver gróður er gisinn, má reikna með að birki dreifist fljótlega um landið við friðun.

Á svartakletti á Stálpastöðum ver reistur steinn mikill, letraður um gjöf þeirra Sofíu og Hauks Thors á jörðinni til skógræktar.

Bæði Braathenssteinn í Braathenslundi og Halldórssteinn í Halldórslundi voru færðir í haust á fallegri og meira áberandi staði.

Þann 19. júlí fór ég í Vatnaskóg vegna tilmæla skógræktarstjóra. Heyrzt hafa fremur ófagrar sögur af skógræktinni í Vatnaskógi, en ekki reyndust þær allar á rökum reistar, þó verður því ekki móti mælt, að reiturinn næst heimreið staðarins er útlitsljótur og þarfnast skjótra og góðra úrbóta. Aðrir reitir lengra afsíðis eru sumir fremur snotrir útlits.

Í byrjun desember voru felld um 300 jólatré og 100 kg. af stafafurugreinum. Samanlagt verðmæti kr. 61.435,00

Trén voru felld úr gróðursetningum frá '52, '53 og '56. Trén skiptust í stærðarflokka sem hér segir:

15. stk.	0.70 - 1.00
93 -	1.01.- 1.25
90 -	1.26 - 1.50
50 -	1.51 - 1.75
30 -	1.76 - 2.00
18 -	2.01 - 2.50
1 -	2.51 - 3.00
1 -	3.00 - 4.00

Æskilegt hefði verið, að trén hefðu verið dökkgrænni á lit, en sum voru dálítið fölgræn, sem sennilega er að nokkru að kenna langvarandi frosti í november. Að öðru leyti voru trén mjög falleg.

Reykjavík í febrúar 1971

Gjost Arnason